

September 2011

MA-FRÉTTIR

Ritstjóri Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Myndir og frágangur Sverrir Páll



VIRÐING
VÍÐSÝNI
ÁRANGUR

ÁGÆTU FORELDRAR / FORRÁÐAMENN

Skólastarfið í Menntaskólanum á Akureyri hefur farið vel af stað í haust. Kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema verður haldinn laugardaginn 8. október nk. og hefst klukkan 14.00 á Sal skólans á Hólum. Gert er ráð fyrir að formlegri dagskrá verði lokið kl. 16:00 og þá verði kaffiveitingar.

Markmið fundarins er að kynna námið í skólanum og margskonar starf sem ætlað er að styðja við nýnema á fyrsta ári. Að loknum stuttum ávörpum á Sal skólans verður aðalfundur FORMA (foreldrafélagsins við MA). Því næst fara foreldrar/forráðamenn með umsjónarkennurum barna sinna í stofur. Þar gefst tími til að segja aðeins frá fyrstu skóládögunum, kynna INNU og fara yfir þau atriði sem foreldrar hafa áhuga á að ræða. Foreldrum gefst einnig kostur á að tala við umsjónarkennara einslega ef þörf er á. Þá er þetta einnig kjörið tækifæri til þess að skoða sig um í húsakynnum skólans.

Nemendur þurfa ekki síst á stuðningi og hvatningu foreldra að halda við upphaf menntaskólanáms og er það álit okkar að þann stuðning sé auðveldara að veita þegar nokkur þekking á skólanum og starfi hans er fyrir hendi. Því vonumst við til að sjá ykkur sem flest þann 8. október.

Þeir foreldrar eða forráðamenn, sem ekki komast á fundinn, eru eindregið hvattir til þess að hafa samband við skólann í tölvupósti eða á annan hátt til þess að afla sér upplýsinga eða ef þeir vilja koma einhverju á framfæri.

Minnt er á að ýmsar upplýsingar um skólann má finna á www.ma.is og eins í litlum bæklingi sem foreldrum og nýnemum var sendur í septemberbyrjun. Við hvetjum líka foreldra til að láta okkur vita um það sem betur má fara, svo við getum bætt skólastarfið og stuðlað að betri líðan nemenda.



Aðalfundur FORMA foreldrafélags við Menntaskólann á Akureyri

Að loknum stuttum erindum á Sal (um kl. 15) verður aðalfundur FORMA, foreldrafélags í Menntaskólanum á Akureyri.

Formaður foreldrafélagsins er Ívar Ragnarsson (ivarragnars@simnet.is)

BUSAVÍGSLA



Skrautlegir upphafsdagar

Nemendur 1. bekkjar eru kallaðir busar þar til busavígslu er lokið. Með því eru þeir orðnir nýnemar. Á busavígsludegi klæðast krakkarnir skrautlegum búningum og flytja dag-skráratíði í Kvosinni, en öllu lýkur með göngu upp Menntavegin og loks Busaballi í Kvosinni.

Félagslífið

Félagslífið í skólanum er mikið og öflugt en það getur tekið nýnema nokkurn tíma að kynnst möguleikunum í félagslífi innan skólans. Félagakynning fyrir nýnema var á dögnum og fjölmörg félög kynnt til sögunnar, auk þess sem stjórn skólafélagsins ræddi við allan fyrsta bekk í umsjónartíma. Mörg félög eru í skólanum en **Huginn**, skólafélagið sem langflestir nemendur skólans eru aðilar að, heldur utan um skipulag atburða. Árshátíð skólans er haldin sem næst fullveldisdeginum 1. desember og verður í ár 2. desember.

Nemendur skólans eiga hrós skilið fyrir þá alúð sem þeir leggja í félagslífið og fyrir þann góða sið að halda öllum skemmtunum á vegum skólans áfengis- og vímuefnalausum. Eins og kom fram á skólasetningu hafa þó undanfarin ár tíðkast sameiginleg partí nýnema og fjórðubekkinga, þar sem áfengi er haft um hönd, en skólinn hefur í samvinnu við foreldrafélagið reynt að leggja sitt af mörkum til að þessum ósið sé hætt.

Hópefli og ferðir

Allt þar til 2009 fóru nemendur í svokallaða skálaferð fram að Hólavatni í Eyjafirði og gistu eina nótt. Markmiðið var að auðvelda nemendum að kynnst og skapa góðan bekkjaranda. Ferðunum var hætt því þótt nemendur hafi greitt hluta af kostnaðinum þurfti skólinn að leggja umtalsvert fé á mót og á niðurskurðartímum var slíkt ekki hægt lengur. Í ár stefnir foreldrafélagið hinsvegar að því að taka upp þessar ferðir aftur og kosta þær en skólinn gefur nemendum leyfi svo hægt sé að fara þær á skólatíma og aðstoðar við undirbúning. Það er afar jákvætt að hægt sé að taka upp skálaferðir að nýju og skólinn er þakklátur foreldrafélaginu fyrir þetta frumkvæði. Stefnt er að fyrstu ferðum aðra vikuna í október.

Fyrsti bekkur fer líka í námsferðir tengdum Íslandsáföngunum; nemendur í ÍS12A130NÁT á haustönn fara í náttúrufræðiferð austur í Mývatnssveit en SAM hlutinn fer í söguferð til Siglufjarðar. Þessar ferðir eru hluti af áföngunum og fara kennarar með bekkjunum.



Inntaka
nýnema í
Kvosinni

Fyrsti bekkur

Í fyrsta bekk eru alls 224 nemendur sem skiptast þannig milli bekkja:

- 1. A: 24 nemendur
- 1. B: 25 nemendur
- 1. C: 26 nemendur
- 1. D: 26 nemendur
- 1. E: 25 nemendur
- 1. F: 26 nemendur
- 1. G: 27 nemendur
- 1. H: 27 nemendur
- 1. I (almenn braut, hraðlína): 18 nemendur

Eins og kemur fram í þessu yfirliti eru bekkirnir flestir fjölmennir og því mikilvægt að í kennslustundum ríki góður vinnufriður og tíminn nýtist sem best. Í flestum greinum er gert ráð fyrir nokkru heimanámi og slíkt sjálfsnám og regluleg ástundun nýtist nemendum vel. Sérstakir heimanámstímar eru í stundatöflu nemenda á almennri braut og nýtist þeim til undirbúnings fyrir næsta dag. Skólasókn nemenda á fyrsta ári er að jafnaði afar góð enda sterk fylgni milli skólasóknar og námsárangurs hjá nemendum á fyrsta og öðru ári.

Námsskipulag á 1. ári

Fyrir ári síðan var tekin upp ný námskrá við Menntaskólann á Akureyri og eru nemendur á fyrsta ári því annar árgangurinn sem fylgir henni. Tvö svið eru við skólann, tungumála- og félagsgreinasvið og raungreinasvið. Töluverður

hluti námsins (kjarninn) er sameiginlegur öllum nemendum en að auki geta þeir valið kjörsvið þegar lengra líður á námið. Hægt er að skoða námsskipulagið á vef skólans <http://www.ma.is/is/namid>.

Nemendum á fyrsta ári er ekki raðað í bekki eftir námssviði en skiptast hins vegar í stærðfræðihópa eftir þeim. Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði eru í stærðfræði á fyrsta þrepi, STÆ1A050 en nemendur á raungreinasviði eru í stærðfræði á öðru þrepi, STÆ2A050.

Boðið er upp á fleiri kennslustundir í stærðfræði inn í stundatöflu nemenda, og er valið í þá hópa eftir einkunnum úr grunnskóla. Einnig er í boði stuðningur í íslensku fyrir nemendur sem búið hafa lengi erlendis eða eru nýfluttir til landsins.

Um helmingur náms nemenda á fyrsta ári eru Íslandsáfangar, ÍSI2A130. Fyrsti bekkur ABCDI er í samfélagshlutanum og 1. EFGH í náttúrufræðihlutanum á haustönninni.

**Nemendur í 4. X
(eðlisfræðilínu á fjórða
ári) aðstoða nemendur
við stærðfræði á
þriðjudögum klukkan
16.20 í stofu H5**

Tilkynningar um veikindi

Reglur um skólasókn eru birtar á vef skólans og einnig var gerð grein fyrir þeim í bæklingnum til foreldra. Nemandi þarf að ná að lágmarki 85% skólasókn yfir önnina en mikilvægt er að nemendur á fyrsta ári mæti vel. Ef nemandi er veikur fær hann fjarvist vegna tímana sem hann missir af, en skýringar eru skráðar í Innu ef vottorði er skilað vegna lengri veikinda. Foreldrar eru hvattir til þess að láta einnig vita af skemmri veikindum með því að senda póst á ma@ma.is þótt það verði ekki skráð í Innu. Nemandi ber alltaf ábyrgð á því sjálfur að láta kennara vita strax ef hann missir af prófi eða verkefnum vegna veikinda.

Salur

Enn er haldið í þann sið að hringja á Sal. Söngsalur er lifandi hefð og að jafnaði er felld niður ein kennslustund í mánuði til að nemendur geti safnast saman á Sal og sungið af innlifun. Að auki heimsækja okkur stundum góðir gestir og halda fyrirlestra á Sal.

Haustfrí verður í skólanum 24. og 25. október

Miðannarmat 7. nóvember

Um miðja önn fá nemendur á 1. og 2. ári svokallað miðannarmat sem birtist í INNU. Matið er hugsað sem upplýsingagjöf til nemenda og foreldra þeirra, hvatning til þeirra sem hafa stundað námið vel eða vísbending um að nemandi þurfi að taka sig á áður en að prófum kemur. Ekki verða lögð fyrir sérstök próf í tengslum við þetta mat heldur byggir það á þeirri vinnu sem unnin hefur verið fyrstu vikurnar á önninni. Í framhaldi af miðannarmatinu taka umsjónarkennarar viðtöl við nemendur en námsráðgjafar taka viðtöl við þá nemendur sem standa höllum fæti í náminu samkvæmt miðannarmati og hafa samband við heimilin.

Námsráðgjöf

Prófkviðanámskeið verður haldið seinnihluta annarinnar og verður auglýst á vefnum. Foreldrar geta haft samband við námsráðgjafa ef þeir telja að börn þeirra glími við prófkviða. Einnig verða fljótlega auglýst örnámskeið í námstækni, t.d. í lestrartækni, glósugerð, tímaskipulagningu o.s.frv. Nemendur geta farið í áhugasviðskannanir til dæmis ef vafi leikur á vali á námssviði. Hægt er að kynna sér þjónustu námsráðgjafa og reglur um lengri próftíma á <http://www.ma.is/is/thjonusta/nemendavernd/namsradgjof/> eða með því að hafa samband við námsráðgjafa.

Umsjónarkennarar í 1. bekk

Allir 1. bekkirnir eru með tvo umsjónarkennara og kenna þeir viðkomandi bekk eina námsgrein. Kennararnir eru með umsjónartíma í töflu nemenda og auk þess viðtalstíma sem foreldrar geta nýtt ef þeir vilja ræða við umsjónarkennara í síma eða hitta þá. Nemendur eru allir boðaðir í viðtal til umsjónarkennara á önninni þar sem rætt er um námsgengi, líðan í skóla og fleira.

Hlutverk umsjónarkennara í 1. bekk er fyrst og fremst að fylgjast með ástundun og gengi nemenda og veita þeim aðhald og stuðning. Umsjónartímarnir eru nýttir í bekkjarfundi, kynningu á ýmsum þáttum innan skólans og heimanáms þegar annað liggur ekki fyrir.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara til að fylgjast með gengi barna sinna í skólanum. Bæði er hægt að hafa samband við kennara í síma á auglýstum viðtalstímum og í tölvupósti.

Upplýsingar um umsjónarkennara og viðtalstíma þeirra má finna á <http://www.ma.is/is/skolinn/starfsmenn/umsjonarkennarar>

INNA

<https://www.inna.is/Nemendur> er slóðin að Innu sem er upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla. Á Innu er hægt að fylgjast með skráningu fjarvista, miðannarmati og einkunnum úr annarprófum. Foreldrar eru beðnir að athuga hvort netföng þeirra eru rétt skráð í INNU.

Hægt er að nálgast nýtt lykilorð að INNU á sömu slóð.

Nemandi sem hefur týnt lykilorði sínu, svo og forráðamaður nemanda yngri en 18 ára, geta sótt sér lykilorð að Innu eins og hér segir:

Smellt er á tengilinn "Gleymt lykilorð" til hægri á innskráningarsíðu Innu.

Kennitalan er slegin inn og nafn skóla valið (foreldrar nota eigin kennitölu).

Inna sendir sjálfkrafa notendanafn (nota má hvort heldur er notendanafnið eða kennitöluna) og lykilorð í tölvupósti á það netfang sem skráð er í Innu.

Þetta lykilorð gildir að Innu (<https://www.inna.is/Nemendur/>)



Um námsframvindu

Aðrar reglur gilda um námsframvindu en í grunnskólum og er foreldrum bent á að kynna sér þær á

ma.is/namid/reglur-um-nam/um-namsframvindu eða hafa samband við skólann.

TUNGUMÁLADAGURINN



Fjölbreytt verkefni

Í tilefni evrópska tungumáladagsins var öllum nemendum í skólanum skipt í hópa eftir stafrófi og unnu margvíslegar þrautir sem reyndu á kunnáttu og færni í ólíkum tungumálum heims.